

Leiðbeiningar fyrir
uppsetningu

Könnun á fræðslupörfum

Markmið þessarar könnunar
er að meta þörf fyrir
fræðslu og þjálfun
starfsfólks. Hvaða fræðslu
eða þjálfun þarf þitt
starfsfólk til að verða enn
betra?

Dæmi um könnun á fræðslupörfum: Millistjórnendur


Leiðbeiningar fyrir uppsetningu

1. Taktu saman lista yfir starfsfólk sem þú vilt senda könnun á fræðslupörfum.
2. Veldu þér töl sem þú ætlar að setja spurningakönnunina upp í. [Google Forms](#) og [Microsoft Forms](#) eru dæmi um notendavæn forrit.
3. Settu upp könnun. Þú getur afritað fullyrðingarnar sem koma fram hér á eftir. Þú getur notað allar fullyrðingar eða valið þær sem þér finnst eiga við.
4. Skrifaðu stutta lýsingu (inngang) á könnuninni. Þú getur líka notað dæmið sem er gefið upp hér á eftir.
5. Deildu könnuninni með starfsfólkinu, t.d. með því að senda þeim tölvupóst eða deila hlekk á könnunina á samfélagsmiðlum/ workplace.

Dæmi um lýsingu á könnun

Kæri starfsmaður,
Til að meta þörf fyrir fræðslu og þjálfun biðjum við/bið ég þig um að svara eftirfarandi könnun. Markmið könnunar er að greina hvaða fræðsla eða þjálfun geta hjálpað þér að verða enn betri starfsmaður. Athugaðu að könnunin er nafnlaus og því verður ekki hægt að rekja svör til einstakra svarenda.
Vinsamlegast smelltu hér fyrir neðan til að svara könnuninni: [setja hlekk]

Könnun á fræðsluþörfum




Dæmi um könnun á fræðsluþörfum: Millistjórnendur

**Merktu við þá þætti
sem þú telur að þörf sé
á. Hægt að merkja við
fleiri en einn.**

- 1) Ég þarf að bæta kunnáttu mína í tungumálum.
 - Íslenska
 - Enska
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun
- 2) Ég hef þörf fyrir fræðslu um þjónustu og samskipti.
 - Spurningatækni
 - Virk hlustun
 - Að þekkja friðhelgi gesta og meðferð persónuupplýsinga
 - Framkoma, útlit og tjáning
 - Að takast á við erfiða viðskiptavin
 - Skrifleg samskipti
 - Að tjá skoðun
 - Þjónustunámskeið
 - Að miðla upplýsingum til annars starfsfólks
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun
- 3) Ég hef þörf fyrir fræðslu um öryggismál.
 - Skyndihjálp
 - Sjálfsvörn
 - Brunavarnir og rýming
 - Fræðsla um lög og reglugerðir vinnuvendar
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun

Könnun á fræðsluþörfum




Dæmi um könnun á fræðsluþörfum: Millistjórnendur

**Merktu við þá þætti
sem þú telur að þörf sé
á. Hægt að merkja við
fleiri en einn.**

- 4) Ég hef þörf fyrir fræðslu um þarfir og væntingar fólks af ólíkum uppruna.
 - Helstu einkenni þeirra þjóða sem sækja Ísland heim
 - Samskiptavenjur ólíkra þjóða
 - Þekking á fjölbreytileika fólks, menningu
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun
- 5) Ég hef þörf fyrir fræðslu um sölu á vöru og þjónustu.
 - Vöruþekking
 - Stafræn sala/samfélagsmiðlar
 - Sölutækni
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun
- 6) Ég hef þörf fyrir fræðslu um verkferla.
 - Að halda utan um ábendingar
 - Gæðamál
 - Þjónustuferlar
 - Meðferð óskilamuna
 - Þekkir vel þá stefnu og þau gildi sem fyrirtækið starfar eftir
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun
- 7) Ég hef þörf fyrir fræðslu um nærumhverfið.
 - Afþreying á svæðinu
 - Ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu
 - Staðarþekking - náttúra og umhverfi
 - Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun

Könnun á fræðsluþörfum



Dæmi um könnun á fræðsluþörfum: Millistjórnendur

Merktu við þá þætti
sem þú telur að þörf sé
á. Hægt að merkja við
fleiri en einn.

8) Ég hef þörf fyrir fræðslu um fjármálaumsýslu.

- Móttaka greiðslna
- Reikningagerð
- Uppgjör
- Rekstur
- Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun


9) Ég hef þörf fyrir tölvunámskeið.

- Excel
- Word
- Navison
- PowerPoint
- Outlook
- Ég þarf ekki fræðslu/þjálfun

10) Ég hef þörf á fræðslu um leiðtogahæfni.

- Stjórnun álags og streitu
- Að vera hvetjandi leiðtogi
- Að sýna frumkvæði
- Að byggja upp traust
- Að stuðla að góðri liðsheild/ starfsmannamenningu
- Jákvæð samskipti
- Ákvörðunartaka
- Hef ekki þörf fyrir þjálfun

Könnun á fræðsluþörfum



Dæmi um könnun á fræðsluþörfum: Millistjórnendur

**Merktu við þá þætti
sem þú telur að þörf sé
á. Hægt að merkja við
fleiri en einn.**

11) Ég hef þörf á fræðslu um starfsmannastjórnun.

- Veikindaréttur
- Orlofsréttindi
- Réttindi og skyldur launafólks
- Uppbygging launakjara
- Erfið starfsmannamál
- Móttaka nýliða
- Starfsmannasamtöl/ þróunarsamtöl
- Hef ekki þörf fyrir þjálfun

12) Ég hef þörf fyrir fræðslu um stjórnun.

- Skipulag vinnustaðar
- Skipulag vaktatöflu
- Verkstjórnun
- Verkefnastjórnun
- Viðverustjórnun
- Tímastjórnun
- Setja skýr markmið og ná þeim
- Skýrslugerð
- Hef ekki þörf fyrir þjálfun